



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á 100 ára afmæli rafvæðingar  
Hafnarfirði  
12. desember 2004**

Ágætu Hafnfirðingar  
og aðrir góðir gestir

Fyrir hundrað árum var Hafnafjörður í rauninni bara lítið þorp og flestir íbúar fátækir, húsin hrörleg og margir svangir dögum saman, höfnin nánast eina merkið um breytta tíma, bátaflotinn að byrja að tileinka sér nýja hætti, fyrsti ráðherrann nýlega kominn til Reykjavíkur og Íslendingar að feta skref heimastjórnar – enn var þó langt í land að fullveldi og sjálfstæði yrðu réttur þjóðarinnar.

Í þessari veröld áttu hugsjónamenn sér háleita drauma, drauma um framfarir og hagsæld öllum til handa, um afl sem færði birtu og yl í hvert hús, gerði öllum kleift að njóta ljóssins, um nýjan kraft sem gæfi atvinnulífinu slíka orku að lífskjörin tækju stakkaskiptum.

Jóhannes Reykdal og aðrir hugsjónamenn í Hafnarfirði lögðu grundvöll að tækniundri, byltingu í þjóðlífsháttum og mannlífi öllu, voru forgöngumenn sem aðrir tóku sér síðan til fyrirmyndar.

Hér hófst sú vegferð sem enn er að skapa okkur nýja kosti, umskapa hegðun og lífsstíl Íslendinga, breyta atvinnuháttum í heilum landsfjórðungum, draga til landsins umsvifamikil fyrirtæki á heimsvísu.

Rafvæðingin var einstök í tæknibyltingu síðustu aldar; töfrasproti sem snart jafnt börn í vöggu sem risavaxin iðjuver, skólagöngu unga fólksins sem og aðbúnað hinna eldri, daglegt líf í afskiptri sveit sem og tengsl okkar við umheiminn, kom með veraldarsýn sem birtist okkur nú á hverri stundu, fréttir af öllu sem markvert er talið, návígið slíkt að heimsviðburðir verða okkur jafnljósir og trén í næsta garði.

Í rauninni er ógerlegt að rekja til hlítar áhrifin sem rafmagnið hefur haft á lífskjör okkar Íslendinga, venjur, athafnir og allan þjóðlífsbrag. Það

hefur orðið slík undirstaða atvinnulífsins að helst má líkja við blóðstreymi sem gefur líkamanum kraft til athafna og umhugsunar; á sama hátt færir rafmagnið öllum í rekstri daglega orku, fyrirtækjum, stórum og smáum, en líka einyrkjanum sem situr við tölvuna heima. Án rafmagnsins hefði hin mikla upplýsingabylting okkar tíma aldrei orðið að veruleika. Já, rafmagnið er og verður hreyfiafl breytinganna í framtíðinni.

Það er gaman fyrir Hafnarfjörð að vera vaggan sem færði Íslendingum þessa nýju veröld, garðurinn þar sem rætur byltingarinnar lágu fyrst, byggðarlagið sem var í fararbroddi breytinga sem hafa í heila öld og munu áfram um aldur og ævi umskapa lífshætti og atvinnutækifæri Íslendinga.

Slíkt hlutverk sem Hafnarfjörður hefur þannig fengið er hægt að rækta á margan hátt og hátíðarhöldin hér í dag, minnismarkið sem afhjúpað var fyrir skömmu og samkoma okkar eru vitnisburður um að bæjarfélagið, yfirvöld og íbúar allir hafa ríkan vilja í þessum efnum.

Við höfum skyldum að gegna við það góða fólk sem upphaflega ruddi braut, lagði upp í vegferð sem varð svo glæst að ekkert annað kemst þar í hálfkvisti, en var þó í árdaga slíkri óvissu háð að áræði og kjarkur brautryðjandanna skipti sköpum.

Okkur ber að varðveita vel minningu þessa hugsjónafólks og sýna henni veglegan sóma, og veita um leið ungu fólki sýn á eldri tíma, skapa skilning á hve risavaxið stökkið hefur verið frá fátæku fiskiþorpi í hrauninu og til þeirrar borgar sem Hafnarfjörður er í reynd orðinn nú, borgar sem er í örum vexti með öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, íþróttamannvirki sem aðrir renna öfundaraugum til, glæsilega skóla og lærdómssetur, ný hverfi sem rísa með undrahraða og lýsa skýrt öllum sem koma til Íslands í morgunsárið og sjá ljósadýrðina birtast þegar ekið er framhjá Álverinu.

Já, Hafnarfjörður er glæsileg spegilmynd þeirra breytinga sem rafmagnið hefur fært okkur Íslendingum og því er vel við hæfi að einmitt hér sé upphafið lofað, að í Hafnarfirði sé leitast við að færa þessa einstæðu þróun í sögubúning, ungum og eldri til lærdóms og fróðleiks, veita ókomnum kynslóðum skilning á hvað hægt er að gera, hvað framtíðin getur borið í skauti sínu.

Kannski er þetta einmitt kjarninn í þeim boðskap sem saga rafvæðingarinnar ber með sér: að veita ungu fólki innblástur, áræðni og vilja til að hugsa stórt, að leggja á brattann og ryðja braut, að skilja að frumkvöðlar verða gæfumenn af verkum sínum.

Við minnumst þeirra hér í dag, fólksins sem lagði upp í þessa óvissu vegferð, og þökkum þeim af heilum huga, vonum að minningin um framlag þeirra verði öðrum hvatning í framtíðinni.